



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Regluvörður Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 6. október 2025

FAS22020050

TILLAGA

Tillaga að uppfærðum reglum Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögu að reglum Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsfólks með fjármálagerninga. Jafnframt er óskað eftir að samþykkt verði meðfylgjandi tillaga í fylgiskjali 1 með reglunum, um viðmið um hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Tilgangur reglnanna er fyrst og fremst að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga hjá Reykjavíkurborg og skráning á innherjum sé í samræmi við lög og reglur sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.

Reglunum er ætlað að taka til meðferðar starfsfólks Reykjavíkurborgar, þ.m.t. kjörinna fulltrúa í ráðum og nefndum, á innherjaupplýsingum og stuðla þannig að því að viðskipti þeirra með fjármálagerninga séu trúverðug og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða óeðlileg hagsmunatengsl. Mikilvægt er að regluvörður hafi allar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sinna starfi sínu. Reglunum er því jafnframt ætlað að skýra í hvaða tilvikum upplýsa þarf regluvörð um tiltekin atriði og hver beri ábyrgð á slíkum tilkynningum.

Reglur þessar hafa staðið óbreyttar frá því að þær voru samþykktar í borgarráði 17. maí 2018 og var grundvöllur þeirra þá reglur fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012. Þær reglur hafa nú verið aflagðar og í stað þeirra tekið gildi reglur um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 44/2023. Við gerð meðfylgjandi tillögu að breytingum eru hafðar til hliðsjónar gildandi reglur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, *market abuse regulation* eða MAR. Er lagt til að reglurnar verði samþykktar eins og þær eru lagðar fram nú.

Í fylgiskjali 1 er að finna viðmið um hver skulu skráð á innherjalista Reykjavíkurborgar. Eftir gildistöku MAR-reglugerðar Evrópuþingsins var reglum um innherjaskráningar breytt nokkuð á þann veg að almennt teldist æskilegt að hafa færri en fleiri skráða á innherjalista en sökum aðgengis að upplýsingum í gegnum fundavef Reykjavíkurborgar, vegna funda borgarráðs og borgarstjórnar, mælir regluvörður ekki með því að fækkað sé á innherjalista borgarinnar eins og sakir standa. Er því óskað eftir að borgarráð samþykki þau viðmið sem regluvörður hefur sett fram.



Reykjavík



Helstu breytingar:

Helstu breytingar á reglum þessum eru vegna lagabreytinga undangengin misseri með tilkomu *MAR reglugerðarinnar* sem nú hefur verið innleidd í íslenskan rétt. Þá voru lög um verðbréfavíðskipti felld úr gildi og í stað þeirra tóku gildi lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, auk fleiri lagaákvæða um málaflokkinn. Einnig féllu úr gildi reglur fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglur nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu komu í þeirra stað.

Í núverandi lagasetningu er ekki lengur vísað til *fruminnherja*, *tímabundinna innherja* og *annarra innherja* heldur er fjallað um þá sem *aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum* (skv. skilgreiningu MAR) en í uppfærðum reglum Reykjavíkurborgar er vísað til þeirra sem *innherja*. Þá er ekki lengur notuð skilgreiningin *aðilar fjárhagslega tengdur innherjum* heldur *nákomnir aðilar* um þá sem tengjast innherja fjárhagslegum böndum, skv. skilgreiningu MAR. Hafa því verið gerðar orðalags- og skilgreiningabreytingar í hinum uppfærðu reglum til samræmis við framangreindar laga- og reglubreytingar.

Í fylgiskjali 1 með reglunum hefur regluvörður sett fram tillögu að viðmiði um hverjir skuli skráðir á innherjalista Reykjavíkurborgar að teknu tilliti til þeirra sem hafa að jafnaði aðgang að fundakerfi borgarráðs, Saltfiskinum, enda ekki unnt að aðgangsstýra aðgengi að upplýsingum sem þar eru birtar. Reglurnar skerpa ennfremur á þeirri ábyrgð sem hvílir á starfsfólki Reykjavíkurborgar til upplýsingagjafar til regluvarðar m.a. vegna skráningar nýrra starfsmanna á innherjalista og að reglum þessum sé fylgt vegna innherjaupplýsinga sem starfsfólk kann að búa yfir vegna starfa sinna.

Ekki er um miklar efnislegar breytingar að ræða í hinum uppfærðu reglum og er inntak þeirra að mestu leyti það sama og í eldri reglum frá 2018, með nokkrum áherslubreytingum líkt og að framan greinir. Þó er sérstök athygli vakin á því að einstaklingum sem gegna stjórnunarstörfum (skv. skilgreiningu MAR) og einstaklingar sem þeim eru nákomnir ber að tilkynna Reykjavíkurborg sem útgefanda og fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um öll viðskipti fyrir sinn eigin reikning sem eiga sér stað í tengslum við hlutabréf eða skuldagerninga útgefanda. Tilkynninguna skal senda án tafar og eigi síðar en þremur viðskiptadögum eftir daginn sem viðskiptin fara fram. Umrædd skylda hvílir á einstaklingnum sjálfum og eru því ríkari skyldur lagðar á innherja hvað þetta varðar frá því sem var og bera þeir ábyrgð á eigin viðskiptum til samræmis við ákvæði 19. gr. MAR.

Ólöf Marín Úlfarsdóttir
Regluvörður Reykjavíkurborgar



Reykjavík

REGLUR

Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsfólks með fjármálagerninga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglna þessara er að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga hjá Reykjavíkurborg sé í samræmi við lög og reglur sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Reglunum er ætlað að taka til meðferðar starfsfólks Reykjavíkurborgar, þ.m.t. kjörinna fulltrúa í ráðum og nefndum, á innherjaupplýsingum og stuðla þannig að því að viðskipti þeirra með fjármálagerninga séu trúverðug og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða óeðlileg hagsmunatengsl.

2. gr.

Gildissvið.

Reglurnar taka til meðferðar starfsfólks Reykjavíkurborgar á innherjaupplýsingum sem þau búa yfir, mætti ætla að þau byggju yfir eða verða áskynja um í starfi sínu. Þá taka þær til fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi og tengdra fjármálagerninga.

Reglurnar taka til alls starfsfólks Reykjavíkurborgar sem tilgreint er í 3. gr. þessa reglna og í fylgiskjali 1 með þessum reglum svo og annars starfsfólks sem fellur undir skilgreiningu 3. gr. Sameiginlega nefnast fyrrgreindir aðilar starfsfólk Reykjavíkurborgar. Þá gilda reglurnar jafnframt um aðila sem eru nákomnir fyrrgreindum aðilum.

Borgarráð, sem stjórn útgefanda, ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum þessum sé fylgt.

Regluvörður útgefanda hefur umsjón með að reglunum sé framfylgt hjá útgefandanum.

3. gr.

Orðskýringar.

Skilgreining á hugtakinu innherji skv. 1. og 2. mál. 4. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR) er eftirfarandi, eftir því sem við á um starfsemi Reykjavíkurborgar og á við um alla aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum vegna:

- 1) setu sinnar í stjórn
- 2) starfs síns í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningum útgefandans
- 3) aðgang að upplýsingum í krafti starfs, stöðu eða skyldna sinna

- 4) aðilar sem búa yfir innherjaupplýsingum við aðrar aðstæður en þær sem getur í lið 1-3 ef viðkomandi aðili veit eða ætti að vita að um innherjaupplýsingar er að ræða

4. gr.

Viðmið Reykjavíkurborgar um hverjir skuli skilgreindir innherjar.

Borgarráð skal setja viðmið um hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg. Regluvörður leggur mat á viðmið stjórnar um hverja skuli setja á varanlegan innherjalista og hverjir skuli teljast til einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum hjá útgefanda, sbr. fylgiskjal 1 með reglum þessum. Viðmið skulu endurskoðuð a.m.k. í upphafi hvers kjörtímabils.

II. KAFLI

Umboð og verksvið regluvarðar.

5. gr.

Staða regluvarðar.

Borgarráð, sem stjórn útgefanda, í umboði borgarstjórnar skipar regluvörð. Með sama hætti skal skipa staðgengil regluvarðar.¹ Regluvörður og staðgengill hans heyra í stöfum sínum beint undir borgarráð.

Regluvörður skal búa yfir fullnægjandi þekkingu til að geta gengt starfi regluvarðar. Regluvörður skal hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Þá skal hann hafa haldgóða þekkingu á þeirri starfsemi Reykjavíkurborgar þar sem innherjaupplýsingar geta myndast. Einnig er mikilvægt að regluvörður hafi þekkingu á þeirri tegund fjármálagerninga sem Reykjavíkurborg hefur fengið tekna til viðskipta og viðkomandi skipulögðum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga.

Regluvörður hefur umsjón með framkvæmd reglnanna og skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Sé starf regluvarðar ekki fullt starf skal regluvörður einungis sinna verkefnum innan Reykjavíkurborgar sem samrýmast hlutverki hans sem regluvörður.²

6. gr.

Hlutverk regluvarðar.

Hlutverk regluvarðar er m.a. að:

1. Veita álit á eðli upplýsinga, m.t.t. skilgreiningar á hugtakinu innherjaupplýsingar,
2. veita álit á því hvort heimilt er að fresta birtingu innherjaupplýsinga,
3. hafa yfirsýn yfir meðferð innherjaupplýsinga sem frestað hefur verið birtingu á,
4. sinna verkefnum tengdum innherjalistum og listum yfir nákomna aðila,

¹ Í samræmi við 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga er borgarstjórn heimilt að fela borgarráði hlutverk sitt samkvæmt 1. og 2. mgr. og heyrir regluvörður og staðgengill hans í stöfum sínum beint undir borgarráð.

² Hér er vísað til starfa sem tengjast með beinum hætti vörslu eða gerð verðmyndandi fjárhagsupplýsinga hjá Reykjavíkurborg.

5. veita innherjum ráðleggingar vegna rannsóknarskyldu,
6. móttaka tilkynningar um viðskipti innherja,
7. senda tilkynningar um viðskipti innherja,
8. sjá um fræðslu til kjörinna fulltrúa, nefndarmanna og annars starfsfólks Reykjavíkurborgar sem að jafnaði búa yfir innherjaupplýsingum,
9. sjá um fræðslu til yfirmanna og stjórnenda Reykjavíkurborgar um tilkynningaskyldu til regluvarðar vegna breytinga á starfi starfsfólks,
10. sjá um samskipti fyrir hönd Reykjavíkurborgar við Fjármálaeftirlitið vegna innherjalista og innherjaupplýsinga,
11. hafa umsjón með samskiptaskrá,
12. sjá um gerð og kynningu á skýrslu til borgarráðs.

7. gr.

Skýrsla til stjórnar.

Tryggt skal að regluvörður hafi milliliðalausan aðgang að stjórn útgefanda. Regluverði ber að leggja fyrir borgarráð skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Í framhaldi af skýrslu regluvarðar til stjórnar um framkvæmd regluvörslu skal stjórn sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar hjá útgefanda ef þörf krefur.

8. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Regluvörður skal hafa ótakmarkaðan aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynlegar eru til að hann geti sinnt starfi sínu. Það er regluvarðar að leggja mat á hvaða upplýsingar og gögn það eru hverju sinni.

Regluverði skal greint tímanlega frá upplýsingum sem hann kann að þurfa starfs síns vegna.

Tilkynna skal regluverði eins fljótt og kostur er allar breytingar sem verða hjá aðilum sem hlotið hafa stöðu innherja, s.s. ef starfsmaður lætur af störfum og/eða nýr aðili tekur við starfi sem fellur undir viðmið Reykjavíkurborgar um það hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt skal regluverði tilkynnt ef breytingar á starfi starfsfólks leiðir til þess að þau geti talist innherji. Slíkar tilkynningar eru á ábyrgð næsta yfirmanns starfsfólks eða í tilviki kjörinna fulltrúa skrifstofu borgarstjórnar.

III. KAFLI

Innherjar og nákomnir aðilar.

9. gr.

Almennt um innherjalista.

Í samræmi við 18. gr. MAR og 13. gr. reglna nr. 44/2023 ber regluverði, í umboði Reykjavíkurborgar sem útgefanda fjármálagerninga, að setja saman, breyta og viðhalda innherjalista, lista yfir einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum og aðila nákomna þeim. Auk

Þess skal regluvörður senda Fjármálaeftirlitinu tilgreindar upplýsingar um innherja að beiðni þess.

10. gr.

Listi yfir innherja.

Á lista yfir innherja ber að skrá alla þá sem falla undir skilgreiningu á hugtakinu innherji sem og gildandi viðmið Reykjavíkurborgar skv. 4. gr. um það hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg, sjá fylgiskjal 1.

11. gr.

Listi yfir nákomna aðila.

Í samræmi við 26-lið, 1. mgr. 3. gr. MAR og 13. gr. reglna nr. 44/2023 skal regluvörður gera lista yfir aðila sem eru nákomnir innherjum.

Eftirtaldir aðilar skulu teljast nákomnir innherjum:

1. maki eða samvistarmaki sem telst jafngildur maka í samræmi við landslög,
2. barn á framfæri, í samræmi við landslög,
3. skyldmenni sem hefur búið á sama heimili í a.m.k. eitt ár á þeim degi sem viðkomandi viðskipti fara fram eða,
4. lögaðili, sjóður eða sameignarfélag þar sem stjórnunarstörfum er gegnt af einstaklingi sem gegnir stjórnunarstörfum eða einstaklingi sem um getur í a-, b- eða c-lið, eða sem sá einstaklingur stjórnar beint eða óbeint, sem komið er á fót í þágu þess einstaklings eða hefur fjárhagslega hagsmuni sem fara að verulegu leyti saman við hagsmuni þess einstaklings.

Innherjar skulu upplýsa regluvörð um allar breytingar á nákomnum aðilum þegar í stað.

Regluvörður skal a.m.k. á sex mánaða fresti minna innherja á að yfirfara hvort breyting hafi orðið á nákomnum aðilum og skyldu þeirra til að tilkynna um slíkar breytingar.

12. gr.

Tilkynning til innherja um réttarstöðu.

Regluvörður skal senda þeim sem hann setur á lista yfir innherja skriflega tilkynningu um réttarstöðu þeirra. Í tilkynningunni ber að greina viðkomandi frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sem og upplýsingar um hvar reglurnar er að finna. Þá skal viðkomandi einnig kynnt laga- og reglugerðarákvæði sem gilda um innherjasvik.

Kynna skal innherjum sérstaklega þær reglur sem þeir og nákomnir aðilar þurfa að gæta að er þeir eiga viðskipti með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar. Innherjum skal sérstaklega bent á að þeim er með öllu óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar á

meðan þeir búa yfir innherjaupplýsingum og að hið sama eigi við um nákomna aðila tengda innherjum, sbr. 8. gr. MAR.

Með tilkynningu um réttarstöðu innherja skal senda innherja til útfyllingar eyðublað um nákomna aðila. Einnig skal senda innherja til undirritunar yfirlýsingu um að hann og nákomnir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og þær reglur sem um viðskipti þeirra gilda. Hvort tveggja ber innherja að senda regluverði án tafar. Geyma skal undirritaða yfirlýsingu á meðan innherjalisti er í gildi og í fimm ár eftir að að hann fellur úr gildi.

Innherja skal tilkynnt með rafrænum hætti þegar hann hefur verið tekinn af innherjalista.

IV. KAFLI

Meðferð innherjaupplýsinga.

13. gr.

Innherjaupplýsingar.

Með innherjaupplýsingum í reglum þessum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða, beint eða óbeint, Reykjavíkurborg sem útgefanda fjármálagerninga og væru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninganna eða verð tengdra afleiddra fjármálagerninga.

Við beitingu skilgreiningarinnar hér að framan skal litið svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað, ef þær eru nægilega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

Upplýsingar teljast opinberar þegar Reykjavíkurborg hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær innherjaupplýsingar sem varða Reykjavíkurborg eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, eins og nánar er kveðið á um í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu.

Innherjaupplýsingar sem geta legið fyrir hjá Reykjavíkurborg geta meðal annars verið:

- a. Vitneskja um skuldabréfaútboð Reykjavíkurborgar.
- b. Staða fjármála Reykjavíkurborgar og afkoma.
- d. Efni fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.
- e. Efni ársreiknings Reykjavíkurborgar.
- f. Aðrar upplýsingar sem geta haft verðmyndandi áhrif á markaði.

14. gr.

Almennt um meðferð og eftirlit innherjaupplýsinga.

Starfsfólki Reykjavíkurborgar ber að gera regluverði tímanlega grein fyrir upplýsingum sem hugsanlega geta talist til innherjaupplýsinga. Regluvörður skal meta hvort upplýsingar séu þess eðlis að þær teljist til innherjaupplýsinga.

Regluvörður ákveður hvernig farið er með upplýsingar leiki vafi á því hvort þær teljist til innherjaupplýsinga og hvort heimilt sé að láta þær þriðja aðila í té, þ.m.t. til annars starfsfólks Reykjavíkurborgar sem ekki er skráð innherjar.

Starfsfólk sem telst innherjar, þ.e. þau sem búa yfir eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum, er óheimilt að:

- a. nýta sér innherjaupplýsingar til viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar, beint eða óbeint. Sama gildir um nákomna aðila sem tengjast þeim fjárhagslega.
- b. láta þriðja aðila í té innherjaupplýsingar nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starfsskyldur þess sem upplýsingarnar veitir. Viðtakandi upplýsinganna skal áminntur um þagnarskyldu sína.
- c. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga Reykjavíkurborgar eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar.

Starfsfólk ber ábyrgð á framfylgd reglna þessara við meðhöndlun og meðferð innherjaupplýsinga.

Birta skal allar innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eftir þeim aðferðum sem fjallað er um í lögum og reglum.

15. gr.

Varfærin meðferð innherjaupplýsinga.

Takmarka ber aðgang að innherjaupplýsingum við þá aðila sem þurfa á þeim að halda til að geta sinnt starfi sínu fyrir Reykjavíkurborg og gera ráðstafanir til að hindra að óviðkomandi aðilar geti kynnt sér efni þeirra eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða.

Starfsfólk skal sýna fyllstu gætni við meðferð innherjaupplýsinga svo sem við vistun upplýsinga, afhendingu þeirra, ljósrítun, tölvuskráningu, upplagningu og förgun. Þegar um viðkvæmar upplýsingar er að ræða skal takmarka aðgang að þeim við hlutaðeigandi starfsfólk.

Regluverði ber að upplýsa viðtakanda innherjaupplýsinga um hvers konar upplýsingar ræðir, þann trúnað sem ríkir um upplýsingarnar, þá ábyrgð sem fylgir því að búa yfir innherjaupplýsingum og þau viðurlög sem liggja við misnotkun eða dreifingu slíkra upplýsinga.

V. KAFLI

Viðskipti innherja og nákominna aðila.

16. gr.

Viðskipti með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar.

Innherjar bera ábyrgð á því að reglunum sé fylgt í viðskiptum þeirra með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar og að viðskiptin séu í samræmi við ákvæði 19. gr. MAR.

Innherjum ber að tilkynna regluverði hyggist þeir eða aðilar nákomnir þeim eiga viðskipti með skráða fjármálagerninga Reykjavíkurborgar. Jafnframt skal innherji tilkynna regluverði skriflega að hann eða nákominn aðili honum hafi átt viðskipti með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar.

Áður en innherji á viðskipti með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar ber honum að ganga úr skugga um að hann hafi ekki aðgang að innherjaupplýsingum um þá fjármálagerninga. Innherjar bera ábyrgð á eigin viðskiptum og tilkynningu þeirra.

Séu viðskipti fyrirhuguð skal innherji ekki eiga viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila, með beinum eða óbeinum hætti, á lokuðu 30 almanaksdaga tímabili áður en tilkynnt er um árshlutareikningsskil eða ársskýrslu sem útgefanda er skylt að birta opinberlega í samræmi við landslög. Skal regluvörður í öllum tilvikum leggja gegn viðskiptunum. Sama gildir ef viðskipti eru fyrirhuguð áður en fjárhagsáætlun er lögð fyrir borgarráð og allt þar til fjárhagsáætlun hefur verið birt opinberlega.

Reykjavíkurborg sem útgefandi skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um öll viðskipti innherja með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar.

VI. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

17. gr.

Viðurlög

Brot gegn reglum þessum geta eftir atvikum varðað við ákvæði MAR-reglugerðarinnar, nánar tiltekið 2. kafla um innherjaupplýsingar, innherjasvik, ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun, sbr. ákvæði laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, nánar tiltekið III. kafla um viðurlög.

18. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR) og reglum nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Reglur þessar voru samþykktar í borgarráði 9. október 2025. Frá sama tíma falla eldri reglur sama efnis úr gildi.

Fylgiskjal 1: Viðmið Reykjavíkurborgar um hverjir skuli skilgreindir innherjar

Með aðilum sem búa yfir innherjaupplýsingum er í reglum þessum átt við neðangreinda aðila.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR) skal Reykjavíkurborg skrá eftirfarandi aðila sem innherja enda hafi þeir vegna starfa sinna, stöðu, hlutverks eða skyldna að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum:

1. Regluvörð og staðgengil regluvarðar,
2. borgarfulltrúa, fyrstu varamenn og aðstoðarfólk,
3. borgarstjóra og aðstoðarmanneskju borgarstjóra,
4. borgarritara og staðgengil,
5. borgarlögmann og staðgengil,
6. fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, staðgengil og lögfræðing fjármála- og áhættustýringarsviðs,
7. skrifstofustjóra og sérfræðinga skrifstofu fjárstýringar- og innheimtu,
8. gjaldkera Reykjavíkurborgar,
9. skrifstofustjóra og sérfræðinga skrifstofu áætlunar- og hagmála,
10. skrifstofustjóra og sérfræðinga á skrifstofu bókhalds- og uppgjörs,
11. skrifstofustjóra og tilgreint starfsfólk skrifstofu borgarstjóra,
12. skrifstofustjóra og starfsfólk skrifstofu borgarstjórnar,
13. áhættustjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs,
14. samskiptastjóra Reykjavíkurborgar,
15. innri endurskoðanda og sérfræðinga innri endurskoðunar,
16. ytri endurskoðendur,
17. endurskoðunarnefnd ásamt varamönnum,
18. starfsfólk upplýsingatæknideildar sem vegna starfa sinna hafa óhindraðan aðgang að innherjaupplýsingum.

Einnig skal skrá aðra aðila, sem ekki eru taldi hér að framan en vegna starfa sinna, stöðu eða hlutverks og skyldna, hafa að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum.

Hið sama á við um alla nákomna framangreindum aðilum, sbr. 11. gr. þessa reglna.

Gegni aðili tveimur eða fleiri hlutverkum hjá Reykjavíkurborg, s.s. ef borgarstjóri er jafnframt borgarfulltrúi, nægir að skrá það einu sinni.